

Ómskoðun á blöðruhálskirtli

Blöðruhálskirtill er um 3 x 4 cm á stærð og liggur rétt undir þvagblöðrunni utan um efsta hluta þvagrásar. Kirtillinn myndar sæðisvökva, sem tæmist ásamt sæðfrumum út í þvagrás við sáðlát.

Með ómskoðun er hægt að greina stækkun, bólgu og hnúta í blöðruhálskirtli. Til frekari greiningar getur stundum þurft að taka sýni úr blöðruhálskirtlinum.

Ómskoðunin fer fram á göngudeild þvagfæra 11A, á 1. hæð Landspítala við Hringbraut og tekur um 15 mínútur.

Við ómskoðun þarf að liggja á hliðinni. Ómtæki er sett varlega inn í endaparminn og þá sést blöðruhálskirtillinn á tölvuskjá. Læknir skýrir frá niðurstöðum ómskoðunar að rannsókn lokinni.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir rannsóknina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga klukkan 08:00–16:00, sími 543 7100.

Velkomið er að hringja á deildina ef spurningar vakna.

